



Auglýsing vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Aðalgötu 16C í samræmi við 6. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015

Hjá byggingarfulltrúa Skagafjarðar liggur fyrir umsókn í samræmi við 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 frá sveitarfélaginu Skagafirði, eiganda Aðalgötu 16C (Maddömmukots) á Sauðárkróki, um leyfi til að fjarlægja húsið af lóðinni.

Fyrirhugað er að staðsetja húsið tímabundið á svokölluðum Tengilsreit við Aðalgötu 24 á Sauðárkróki þar til endanleg staðsetning þess liggur fyrir.

Byggingarár hússins er 1887.

Framkvæmdin er innan verndarsvæðis í byggð sem er norðurhluti gamla bæjarins á Sauðárkróki sem staðfest var af ráðherra þann 11. febrúar 2020.

Húsið telst hafa miðlungs varðveislugildi sem byggir á miðlungs gildi fyrir umhverfi, upprunaleika og tæknilegt ástand samkvæmt greinargerð um Verndarsvæði í byggð frá 2018 og mati Húsakönnunar Sauðárkróks, norðurhluti gamla bæjar frá 2018.

Með vísan til 6. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015, skal sveitarstjórn auglýsa hina fyrirhuguðu framkvæmd. Þannig er almenningi og hagsmunaaðilum veitt tækifæri til að koma sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri við sveitarstjórn áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdina.

Gögn er varða fyrirhugaða framkvæmd liggja frammi til kynningar frá og með 21. september 2022 til og með 5. október 2022 í Ráðhúsi sveitarfélagsins Skagafjarðar og á heimasíðu sveitarfélagsins, <https://www.skagafjordur.is/>

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að kynna sér fyrirhugaða framkvæmd og gera athugasemdir eða ábendingar við hana. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í síðasta lagi 5. október 2022 til byggingarfulltrúa í Ráðhúsi Skagfirðingabraut 21 eða á netfangið: andrig@skagafjordur.is

Einar Andri Gíslason, byggingarfulltrúi.

